

Borgarráð

Tillaga um útgáfu Grænna skuldabréfa

Lagt er til að borgarráð samþykki að fjármálastjóra verði falið að undirbúa útgáfu skuldabréfa í nýjum grænum skuldabréfaflokki borgarsjóðs skv. viðurkenndum stöðlum, *Green Bond Principle*, í því skyni að fjármagna á næstum árum fjárfestingarverkefni borgarinnar á sviði umhverfismála.

Greinargerð

Fyrir liggur að Reykjavíkurborg hefur skuldbundið sig með loftslagsstefnu ásamt umhverfis- og auðlindastefnu til að ná sjálfbærnimarkmiðum Reykjavíkurborgar. Mikilvægustu verkefnin eru á sviði samgöngumannvirkja og almenningssamgangna.

Gert er ráð fyrir fjármálaskrifstofa í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið og skrifstofu eigna og atvinnuþróunar undirbúi ramma Reykjavíkurborgar um græn skuldabréf (Green Bond Framework) sem síðan verður lagður fyrir borgarráð til samþykktar.

Dagur B. Eggertsson